



Reykjavík, 14. nóvember 2025
PON25100081

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja verkefnið Námsumsjónarkerfi grunnskóla - fyrsti fasi

Á fundi stafræns ráðs þann 12. nóvember var lögð fram heimildarbeiðni dags. 9. október 2025 um að hefja verkefnið Námsumsjónarkerfi grunnskóla - fyrsti fasi ásamt fylgigögnum sbr. 5. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.
Samþykkt og vísað til meðferðar borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja áherslu á að þau verkefni sem þjónustu- og nýsköpunarsvið vinnur fyrir önnur svið, og stafrænt ráð samþykkir, sýni fram á að fjárhagslegur ábati endurspeglis í fjárhagsáætlunum viðkomandi sviða.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 29. október 2025
PON25100081

Efni: Heimild til að hefja verkefnið Námsumsjónarkerfi SFS – fyrsti fasi

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja fyrsta fasa verkefnis sem snýr að greiningu á þörfum vegna innkaupa á einu námsumsjónarkerfi grunnskóla sem á að leysa af hólmi 38 námsumsjónarkerfi. Í undirbúningnum felst nákvæm greiningarvinna þar sem þarfir og kröfur notenda eru skilgreindar í samvinnu við alla hagaðila.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími fyrsta fasa verkefnisins er frá nóvember 2025 til júlí 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 6 m.kr., sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum. Umræddur kostnaður er innri kostnaður vegna verkefnastjóra.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Greinargerð:

Námsumsjónarkerfi grunnskólanna er í 38 mismunandi samningum við hvern grunnskóla, 37 samningar við InfoMentor og 1 við Námfús. Utanumhald samninga er því dreift og yfirsýn takmörkuð. Stefnt er að því að fara í útboð með það að markmiði að gera einn miðlægan samning fyrir alla grunnskólana með hagkvæmni að leiðarljósi. Áætlað er að einn samningur tryggi einfaldari og öruggari samningsstjórn fyrir alla grunnskóla, stuðli að betra gagnaöryggi og auki rekstraröryggi, auk þess sem hann geti auðveldað aðgengi að gögnum og nýtingu þeirra. Gert er ráð fyrir því að lausnin sem verður valin verði sett í rekstur hjá upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar. Með þessu er verið að tryggja faglega og markvissa þróun á námsumsjónarkerfi sem mætir þörfum notenda.

Í þessum fyrsta fasa er óskað eftir heimild til að ráða verkefnastjóra sem heldur utan um greiningu verkefnisins. Greiningin felur í sér viðtöl við notendur og skilgreiningu á þörfum þeirra, yfirferð á gildandi samningum og kerfum, kortlagningu á tengingum við önnur kerfi og þjónustur, athugun á tengingu við nemendagrunn Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og mat á mögulegu samstarfi sveitarfélaga. Notendur kerfisins eru margir og sinna ólíkum hlutverkum innan menntakerfisins og því er enn nokkur óvissa um kröfur þeirra og væntingar til kerfisins. Þessi greiningarfasa er því lykilatriði til að tryggja að þær þarfir verði skilgreindar með skýrum hætti áður en lengra er haldið. Með honum er lagður traustur grunnur að upplýstri ákvörðun um framtíðarlausn og hann er forsenda þess að hægt verði að skilgreina tæknilegar og rekstrarlegar kröfur í næsta fasa.

Að lokinni greiningu verður hægt að leggja fram nýja beiðni fyrir öðrum fasa verkefnisins um áframhaldandi stöðu verkefnastjóra til að stýra útboðsferli og innkaupum á námsumsjónarkerfi og síðar þriðja fasa, þ.e. ráðningu vörustjóra og verkefnastjóra sem leiða innleiðingu og rekstur kerfisins. Lagt er upp með að kerfið muni tryggja samræmda og skilvirka umgjörð um námsumsjón sem einfaldar ferla og styrkir faglegt starf og þjónustu við börn og fjölskyldur.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við fyrsta fasa verkefnisins samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 6 m.kr sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Umræddur kostnaður er innri kostnaður vegna verkefnastjóra.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður. Verkefnaklassi 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Pröstur Sigurðsson
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur





Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (09.10.2025)

Verkefnaráðsfundur: 09.10.2025

Námsumsjónarkerfi SFS – fasi 1

Samantekt:

Verkefnið miðar að því að sameina námsumsjónarkerfi grunnskólanna undir einum miðlægum samningi í stað 38 aðskilda. Með þessu er stefnt að aukinni hagkvæmni, einfaldari stjórnun og betri nýtingu fjármuna.

Í fyrsta fasa verður ráðinn verkefnastjóri í 50% starfshlutfall til átta mánaða til að stýra greiningarvinnu sem felur í sér kortlagningu núverandi samninga, tenginga við önnur kerfi og viðtöl við notendur. Áætlaður kostnaður er 6 m.kr. og væntur ávinningur felur í sér lægri kostnað, betri þjónustu og samræmda gagnanýtingu. Þessa vinna verður svo nýtt í fasa tvö þar sem stefnt er á að fara í útboð á námsumsjónarkerfi SFS.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 6. m.kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 8. mán

Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: Verkefnið er ekki skorað í Fylkinu á þessum tímapunkti þar sem fyrsti fasi verkefnisins er forgreining og ábatinn ekki ljós fyrr en að henni lokinni.

Lagalegar kröfur – já

Lög um grunnskóla

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Námsumsjónarkerfi grunnskóla – fasi 1

Eigandi: Arndís Steinþórsdóttir skrifstofustjóri
fagskrifstofu grunnskóla á SFS

Þarfagreining

Námsumsjónarkerfi grunnskólanna er í 38 mismunandi samningum við hvern grunnskóla. Stefnt er að því að fara í útboð þar sem gerður væri einn miðlægur samningur með hagkvæmni að leiðarljósi. Í fyrsta fasa heldur verkefnastjóri utan um greiningu verkefnisins þar sem þarfir og kröfur notenda eru skilgreindar og gögn unnin út frá því.

Tímalína

Nóvember 2025 – júlí 2026

Áskorun

- 38 grunnskólar með 38 mismunandi samninga um námsumsjónarkerfi.
- Mentor er notaður í 37 grunnskólum og Námfús í einum grunnskóla.
- Utanumhald samninga lítið og yfirsýn takmörkuð.

Markmið

- Einn sameiginlegur samningur fyrir alla grunnskóla.
- Auðvelda aðgengi að gögnum, spara í leyfisgjöldum.
- Setja kerfi í rekstur hjá UT þjónustu, setja í vörustjórn.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Gert er ráð fyrir að samið verði við birgja fyrir skólana í heild. Þannig sparast tími og kostnaður við samningagerð. Magnkaup - afslættir.
- Sameiginleg þjónusta getur lækkað kostnað við tæknaðstoð og uppfærslur.
- Vegna samvinnu við MMS er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir kerfi sem allir grunnskólar nota svo hægt sé að samræma tengingar og skoða samstarf á landsvísu.
- Betri gagnanýting og ákvarðanataka.

Kostnaður


Heildarkostnaður 6 m. kr.
Eignasjóður 6 m. kr.

Verkefnastjóri: Óákveðið
Verkefnateymi: Óákveðið
Stafrænn leiðtogi: Halla María Ólafsdóttir



Námsumsjónarkerfi SFS – fyrsti fasi

Halla María Ólafsdóttir stafrænn leiðtogi






Í hnotskurn

Námsumsjónarkerfi grunnskólanna er í 38 mismunandi samningum við hvern grunnskóla. Stefnt er að því að fara í útboð þar sem gerður væri einn miðlægur samningur með hagkvæmni að leiðarljósi.

Í fyrsta fasa heldur verkefnastjóri utan um greiningu verkefnisins. Í fasa tvö verður óskað eftir verkefnastjóra til þess að sjá um útboð þar sem kerfi yrði valið. Í fasa þrjú væri óskað eftir vörustjóra og verkefnastjóra sem myndi leiða innleiðingu kerfisins og kerfið sett í rekstur





Ákvörðun verkefnaráðs

Óska eftir verkefnastjóra í 50% starf í 8 mánuði.

Óskað er eftir verkefnastjóra til að halda utan um greiningu verkefnisins "Námsumsjónarkerfi SFS – fyrsti fasi".

Í greiningu felast viðtöl við notendur, yfirsýn yfir núgildandi samninga, tengingar við önnur kerfi og annað sem upp gæti komið í ferlinu. Skoða þarf tengingar við nemendagrunn Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og mögulegt samstarf sveitarfélaga. Notendur kerfis eru fjölmargir og enn nokkur óvissa um kröfur þeirra innan kerfis.





Áskorun

Núverandi staða

- 38 grunnskólar með 38 mismunandi samninga.
- Mentor er notaður í 37 grunnskólum og Námfús í einum grunnskóla.
- Utanumhald samninga lítið og yfirsýn takmörkuð.

Markmið

- Einn sameiginlegur samningur fyrir alla grunnskóla.
- Auðvelda aðgengi að gögnum, spara í leyfisgjöldum.
- Setja kerfi í rekstur hjá UT þjónustu, setja í vörustjórn.

Lausn

- Eitt kerfi fyrir alla grunnskóla með miðlægum samningi.
- Lausnin talar við nemendagrunn (Bjargey/Frigg) og SFS API.



Tímalína - fyrsti fasi

2025

2026

Október

Nóvember

Desember

Janúar

Febrúar

Mars

Apríl

Maí

Júní

Júlí

Sumarfrí

Verkefnaráð -
ósk um
verkefnastjóra

Undirbúningur og skilgreining verkefnis



Ábatamat



Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 8 mánaða tímabil

Mælanlegur ábati

Gert er ráð fyrir að mælanlegur ábati verði ekki ljós fyrr en eftir þarfagreiningu í fyrsta fasa.

Kostnaður

Ef farið verður í kaup á nýju kerfi má gera ráð fyrir kostnaði varðandi gagnaflutning, aðlögun og innleiðingu.

Ómælanlegur ábati

- Betri yfirsýn yfir samninga, notkun og gögn
- Bætt ímynd
- Meiri ánægja notenda
- Öryggi, t.d varðandi kröfur varðandi lykilorð og aðgengi.




Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða

- Gert er ráð fyrir að samið verði við birgja fyrir skólana í heild. Þannig sparast tími og kostnaður við samningagerð. Magnkaup - afslættir.
- Sameiginleg þjónusta getur lækkað kostnað við tæknaðstoð og uppfærslur.
- Vegna samvinnu við MMS er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir kerfi sem allir grunnskólar nota svo hægt sé að samræma tengingar og skoða samstarf á landsvísu.
- Betri gagnanýting og ákvarðanataka.



Hvað er búið að gera:

- Tilkynna eigendum núverandi samninga um fyrirhugað útboð
- Dæmi um nógildandi samninga skoðuð
- Jafnréttisskimun





Næstu skref



- Fundir með hagsmunaaðilum
- Kortlagning núverandi þjónustu, 38 samningar
- Ráðgjöf frá skrifstofu fjármála og ráðgjafar USK
- Greining og möguleg markaðskönnun



Ákvörðun verkefnaráðs

Óskað er eftir verkefnastjóra til að halda utan um greiningu verkefnisins "Námsumsjónarkerfi SFS – fyrsti fasi".

Verkefnastjóri í 50% starf í 8 mánuði.

Heildarupphæð 6 m.kr.





Reykjavík



Umfangsmat



Kostnaður fyrsta fasa verkefnisins er 6 m.kr og tími er áætlaður 8 mán.

Kostnaður innanhúss

Verkefnastjóri 50% í 8 mán (fyrsti fasi)

Annar kostnaður vegna tíma starfsfólks í verkefnahóp svo sem stafrænn leiðtogi og lögfræðingur.

Heildarkostnaður 6 m. kr.

Kostnaður SFS

Í Fyrsta fasa fælist kostnaður SFS í tíma starfsmanna í þarfagreiningu og undirbúningi útboðs.